

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Tilvísun í mál: UMH23020100

Reykjavík, 09. nóvember 2023

## Landvernd styður óbreytt friðland í Vatnsfirði

Landvernd barst þann 12. október sl. umsagnabeiðni frá Umhverfis-, Orku- og Loftslagsráðuneytinu varðandi breytingu á reglum um friðlandið í Vatnsfirði að beiðni Orkubús Vestfjarða. Stjórn Landverndar lýsir eindregnum stuðningi við óbreytta friðun Vatnsfjarðar og að hann verði í framtíðinni hluti af þjóðgarði á sunnanverðum Vestfjörðum. Orkubú Vestfjarða hefur sent ráðherra tillögu um breytingar á skilmálum friðlandsins sem geri Umhverfisstofnun / Orkustofnun heimilt að veita leyfi til virkjunar innan friðlandsins. Rammaáætlun, sem metur virkjanamöguleika, tekur ekki til friðlýstra svæða nema skilmálar fylgi friðlýsingu um að þar megi virkja. Landvernd telur tillögu Orkubús Vestfjarða um virkjun í friðlandi Vatnsfjarðar og viðtökur við henni, dæmi um ómarkvissa stjórnsýslu og lýsir yfir þungum áhyggjum af því að orkugeirinn virði ekki friðlönd.

### Friðlýstur Vatnsfjörður í þjóðgarði


Orkubú Vestfjarða vill reisa 20-30 MW vatnsaflsvirkjun í Vatnsfirði sem myndi nýta afrennsli Hólmavatns og Flókavatns og yrði vatnsfall virkjað niður í Vatnsdal. Staðsetning virkjunarinnar innan friðlands hefði ótvíræð neikvæð áhrif á náttúrufer, landslagsheild, vistkerfi, ásýnd svæðisins, myndi eyða einstökum fossaröðum og skerða upplifun ferðafólks.



Vatnsfjörður, vestastur fjarða norður úr Breiðafirði, var friðlýstur 1975, ári eftir að þar var haldin 12 þúsund manna þjóðhátíð Vestfirðinga. Láglandi Vatnsfjarðar er vaxið kjarri, veðursæld er mikil og svæðið perla miðsvæðis gagnvart öðrum náttúruundrum og ferðamannastöðum sunnanverðra Vestfjarða. Það er ekki að ástæðulausu sem lögð var fram tillaga að friðlýsingaskilmálum fyrir þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum, sem innifelur Vatnsfjörð, í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þá átti að vernda og varðveita einstakt svæði fyrir komandi kynslóðir, svæði sem geymir ómetanlega sögu, náttúru- og menningarminjar, gamlar þjóðleiðir og er Vatnsfjörðurinn svæði sem hefur mikla möguleika á að verða miðpunktur náttúruupplifunar og ferðamennsku á Vestfjörðum. Nú tveimur árum síðar eru sömu flokkar í ríkisstjórn. Tillaga um virkjun í friðlandi í Vatnsfirði, sem fyrir tveimur árum átti að verða hluti af þjóðgarði á sunnanverðum Vestfjörðum, skýtur skökku við.

### **Orkuþörf, spádómur og óskalisti orkugeirans**

Orkubú Vestfjarða telur virkjun í Vatnsfirði nauðsynlega til að mæta orkuþörf á Vestfjörðum sem eigi eftir að vaxa um 80% á næstu sjö árum og ávinningur felist í því að ríkið eigi vatnsréttindin. Ríkinu ber að gæta að ýmsum hagsmunum og hefur einnig það hlutverk að varðveita Íslenska náttúru. Tekin hefur verið ákvörðun um að friða svæðið og ríkinu ber að standa við þá ákvörðun. Á Vestfjörðum eru fleiri virkjanaáform í athugun núna, bæði stór og smá. Framkvæmdaaðilar setja fyrir sig orkuöryggi og orkuskipti sem forsendu framkvæmda en Landvernd bendir á að engin staðfesting er á því að orkan rati í þau nauðsynlegu verkefni. Orkuþörf næstu ára er spá en ekki staðreynd og skilgreining á því hvað er þörf er allt annað en óumdeild. Fyrsta skrefið til að tryggja orkuöryggi ætti að vera endurbætur á flutningskerfinu t.a.m Vestfjarðalínu og næsta að skoða virkjanakosti sem ekki eru innan friðlands með það að leiðarljósi að halda raski á náttúru og umhverfi í algjöru lágmarki.





## Niðurstaða. Virðum friðlandið í Vatnsfirði

Stjórn Landverndar telur jafnríka ástæðu til þess nú og fyrir tveimur árum að stefna að þjóðgarði á Vestfjörðum og varðveita einstakt svæði til framtíðar. Orkubú Vestfjarða, lagðist alltaf gegn þjóðgarði og sendi ráðherra þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr virkjanatillögu sína beint. Landvernd sér ekki að neitt hafi breyst frá tillögunni um friðun og áformum um þjóðgarð frá í tíð síðustu ríkisstjórnar. Mikill skaði myndi hljótask af virkjun í Vatnsfirði og gott væri ef Orkubú Vestfjarða héldi virkjanaáformum sínum innan þess ramma sem stjórnvöld hafa áður ákveðið og léti friðlýst svæði vera.

Heimildir:

<https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vefstirdir/vatnsfjordur-vesturbyggd/>

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/02/26/Tillaga-um-mork-thjodgards-a-Vestfjordum/>

<https://www.vestfjardaleidin.is/is/moya/travel-vest/place/vatnsfjordur>